

Sþ.

434. Tillaga til þingsályktunar

[186. mál]

um hafsbotsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen,
Sverrir Hermannsson, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson,
Guðmundur Karlsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir kröfum þeim, sem Íslendingar settu fram með ályktun Alþingis 22. des. 1978, til hafsbotsréttinda sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, í fullri samvinnu við Færeyinga.

Alþingi mótmælir öllum tilraunum Breta og Íra til að teygja hafsbotsréttindi sín til vesturs út fyrir 200 mílur. Sérstaklega er mótmælt fyrirætlunum þeirra um að fela gerðardómi að fjalla um svæði, sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur unnt að leysa mál varðandi yferráðarétt þessa hafsbotssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yferráðum eða skiptingu svæðisins.

Fr ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess frekar en skipta því með samningum.

Áður en til þess kemur, er ríkisstjórninni þó falið að taka upp viðræður við Breta og Íra til að leitast við að leysa ágreiningsefnin með samningum þessara fiögurra þjóða. Skal viðræðum þessum hraðað, þannig að niðurstaða liggji fyrir áður en fundir Hafréttarráðstefnunnar hefjast í Genf í sumar.

G r e i n a r g e r ð .

Reglur um hafsbotsréttindi strandríkja utan 200 sjómílna efnahagslögsögu eru nú í mótnun, m. a. á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ljóst er að um viðtæk réttindi verður að ræða. sem skipt geta Íslendinga miklu máli á svæðinu suður af Íslandi. Rétt er því að við mörkum skýra og ákveðna stefnu á þessu sviði hafréttarmálanna, svo að engum geti dulist hvaða kröfum við hyggjumst fylgja fram.

Með ályktun Alþingis 22. des. 1978 var ákveðið, að við hefðum samvinnu við Færeyinga um þessi mál og samstöðu í kröfugerð að því marki sem hagsmunir fara saman. Engu að síður er eðlilegt að ræða málið við Íra og Breta til að leitast við að forðast árekstra. Að öðru leyti skýrir ályktunartillagan sig sjálf.